

# Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Þessi skýrsla er sjöunda skýrsla nefndarinnar og markmið hennar eins og fyrri skýrslna nefndarinnar er að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Að þessu sinni skiptist skýrslan í þrjá meginþafla sem fjalla um efnahagsmál, kjarasamninga gerða í yfirstandandi kjaralotu, launaþróun og launastig sem flokkað er eftir heildarsamtökum launafólks og atvinnurekendum með umfjöllun um kjarasamninga 2019-2022. Í skýrslunni er áhersla lögð á yfirstandandi kjaralotu og miðað við að upphaf hennar sé nóvember 2022. Flestir kjarasamningar á opinberum markaði gilda frá 1. apríl 2023 og komu hækkanir því seinna fram en á almennum markaði. Ítarlegt talnaefni um laun og launaþróun má finna í gagnasafni á vef kjaratölfræðinefndar, <https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>

Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólk hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar. Enn fremur er Gísla Má Gíslasyni Hagstofu Íslands þökkuð aðkoma að gerð skýrslu í fjarveru Hildar Ernu Sigurðardóttur.